

Gátlisti fyrir umsókn um fjárfestingarframlag vegna endurnýjunar mikilvægra kerfa

Greining á núverandi kerfi

- Lýsing á núverandi kerfi og hvaða tilgangi það hefur gegnt.
- Hvers vegna er kerfið mikilvægt og hvernig styður það við starfsemi stofnunar?
- Hvaða áskoranir eru við núverandi kerfi þegar litið er til tækni, öryggis og viðhalds?
- Hvernig hefur núverandi kerfi áhrif á framleiðni, skilvirkni og þjónustu við viðskiptavinum?

Notendur og ávinningur

- Hverjir eru notendur eða viðskiptavinir kerfisins og hverjar eru notendasögur þeirra?
- Hver er væntanlegur ávinningur kerfi svo sem aukin skilvirkni, bætt notendaupplifun, aukið öryggi eða sparnaður til lengri tíma?
- Lýstu hvernig þú munt mæla árangur verkefnisins og viðmiðunum sem þú munt nota til að meta árangur nýja kerfisins?

Virkni nýs kerfis

- Lýsing á virkni nýs kerfis, helstu eiginleikar og arkitektúr.

Endurnýting

- Er sótt um styrkt til að uppfæra núverandi kerfi eða er verið að sækja um styrk til að smíða nýtt kerfi?
- Ef sótt er um að smíða nýtt kerfi, hvaða hluta eða virkni mun stofnun nýta sér úr eldra kerfi við smíði á nýju kerfi?

Vörður

- Lýstu mikilvægum vörðum verkefnis og áætlaðri tímalengd verkefnis.
- Er verkefnið bundið ákveðnum tíma (t.d. þarf að vera tilbúið fyrir kosningar)?

Fjárhagsáætlun

- Fjárhagsáætlun fyrir nýtt kerfi, þar á meðal kostnað vegna hugbúnaðarþróunar, vélbúnaðar, innleiðingar, þjálfunar og áframhaldandi viðhalds.
- Fjárhæð sem sótt er um og lýsing á því hvernig fjármunirnir verða nýttir.

Áhættumat

- Tilgreindu áhættur og áskoranir sem tengjast endurnýjun kerfis eða kerfishluta og lýsing á því hvernig má draga úr þeim.

Sjálfbærni

- Að verkefni loknu, hvernig verður nýja kerfinu eða kerfishluta viðhaldið, uppfært og stutt til lengri tíma litið til að tryggja endingu?

Innleiðingar- og útleiðingaráætlun

- Er einhverjum verkþátta útvistað? Ef svo, hefur eða mun sú vinna fara í útboð til samræmis við lög um opinber innkaup? Sjá [leiðbeiningar um innkaup](#) á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
- Lýsing á því hvernig eldra kerfi verður útleitt og nýtt kerfi innleitt.
- Verður innleiðing nýs kerfis gerð í áföngum, hverjir eru þeir?
- Verða gögn úr eldra kerfi nýtt? Ef svo er, hvernig er planað að koma þeim yfir í nýtt kerfi?
- Mun vera niðritími þegar skipt verður um kerfi eða kerfishluta fyrir notendur?
- Verður breyting á verklagi notenda eða starfsmanna. Hvernig verður hugað að kennslu eða fræðslu til þeirra?
- Verður slökkt á rekstri eldra kerfis, hvernig verður staðið að því og hvað þarf að gera áður en það er gert?
- Er gert ráð fyrir að segja upp eða endurskoða eldri samninga eða áskriftir ? Hvenær verður það gert í ferlinu?